

Fréttabréf Stómasamtakanna

5. tbl. 34. árg.

Ýlir 2014

Blað 151

Jólahlaðborð 4. desember

*Stómasamtök Íslands efna til jólahlaðborðs í húsi
Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, 4. hæð,
fimmtudaginn 4. desember 2014.*

Húsið opið frá kl. 18:30. Borðhald hefst kl. 19:00.

*Sigurður Jón Ólafsson les úr nýrri ljóðabók sinni:
„Slitinn fráður úr kóngulóarvef.“*

Bókin verður til sölu á staðnum á sérstökum kjörum.

Hlutavelta – veglegir vinningar.

*Snorri Birgir Snorrason veitingamaður í Víkinni
sér um veitingar að vanda (kokkurinn.is).*

Fjölskyldur og vinir félagsmanna eru velkomnir.

*Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku með því að senda tölvupóst á
netfangið stoma@stoma.is eða hringja í síma 696 4395 eða 551 6366.*

Aðgangseyrir er aðeins 2.500 kr. (aðeins reiðufé).

Frítt fyrir börn 12 ára og yngri.



Ristil- og endaparmsskurðlæknar

Tveggja ára gömul samtök

Félag ristil- og endaparmsskurðlækna var stofnað 26. nóvember 2012. Í félaginu eru þeir skurðlæknar sem stunda ristil- og endaparmsskurðlækningar á Landspítala. Félagið er aðili að ESCP (European Society of Coloproctology). Tilgangur félagsins er að stuðla að félagslegri og faglegri samvinnu, miðla upplýsingum um ristil- og endaparmsskurðlækningar og stuðla að samvinnu við erlend fagfélög.

Tryggvi Stefánsson er formaður félagsins og fulltrúi þess hjá ESCP. Að sögn Tryggva er félagið reiðubúið til samvinnu við Stómasamtök Íslands um málefni stómaþega.

Margar aðgerðir

Fáir nýta sér jafningjastuðning

Öðru hverju höfum við birt tölur yfir fjölda stómaaðgerða á Landspítala. Nokkuð eru um liðið frá því það var seinast gert og því eru hér tölur frá síðustu tveimur árum.

Árið 2012 voru gerðar alls 75 aðgerðir, sem skiptast þannig: 32 einstaklingar fengur ristilstóma, 24 garnastóma og 12 þvagstóma. Að auki gengust 7 börn undir stómaaðgerð á þessu ári. Árið 2013 voru 84 aðgerðir gerðar, en þær skiptast þannig: 55 einstaklingar fengu ristilstóma, 23 garnastóma og 6 þvagstóma. Sérstaka athygli vekur gríðarleg fjölgun ristilstómaþega.

Miðað við hversu margir einstaklingar hafa gengist undir stómaaðgerðir á síðustu tveimur árum kemur það á óvart hversu fáir leita til heimasóknarþjónustu Stómasamtakanna sem í boði er. Hér með eru allir nýir stómaþegar eindregið hvattir til að nýta sér þessa þjónustu okkar.

Stómasamtökin

Tölva fyrir sjúklinga og aðstandendur

Stómasamtök Íslands færðu skurðlækningadeild 12G á Landspítala Lenovo tölvu til afnota fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra í byrjun nóvember. Gefendur vænta þess að tölvan eigi eftir að stytta notendum stundir og koma að gagni við nauðsynleg verk og viðvik, sem slíkt tæki nýtist vel til nú á dögum. Um leið þakka Stómasamtökin fyrir góða þjónustu í árána rás.

Hugmyndin að gjöfinni kviknaði þegar einn af stjórnarmönnum samtakanna þurfti að dvelja á spítalanum sl. sumar og fara milli deilda vegna lokana á sumarleyfistíma. Honum fannst munur á hvernig deildir væru staddar varðandi aðstöðu og aðbúnað sjúklinga. Þar færi skurðlæknaeild 12G nokkuð halloka í samanburði við aðrar deildir og því full ástæða til að leggja henni lið.

Stómavörur

Breytingar í Garðs apóteki

Lilja Björgvinsdóttir sjúkraliði er hætt hjá Garðs apóteki, en hún sá um afgreiðslu stómavara þar. Við hennar starfi hafa tekið Inga Lára Óladóttir og Hildur Jónsdóttir, en þær eru lyfjatæknar að mennt. Garðs apótek er að Sogavegi 108 og síminn þar er 568 0990.

Hjálpartæki

Franski rennilásinn og framfarirnar

Níutíu og eins árs gömul kona í Bretlandi, sem átti 48 ára garnastómaafmæli á liðnu ári, segist enn ferðast um heiminn, þótt sjóndöpur sé. Hún hefur farið í ferðir, m.a. til Íslands, með rússnesku skipi, sem stundar vísindarannsóknir, en tekur 28 farþega og leiðsögumann með, sem jafnframt stýrir hverjum leiðangri. Sjálf sér hún um pokann sinn, tæmir úr og skiptir um eftir þörfum. En þar er komið upp sérstakt vandamál. Það er Velcro-lokunin, fransk rennilásinn, sem henni líkar alls ekki við.

„Þegar ég er að tæma festist hann við fötin á ýmsum stöðum og mér gengur miklu betur að nota gömlu góðu klemmurnar,“ segir hún. Þetta sýnir að það sem margir telja til framfara og kosta hentar ekki öllum. Því er brýnt að viðhalda fjölbreytni í framboði hjálpartækja hverskonar, þannig að þau verði ekki stómaþegum fjötur um fót – eins og oft hefur verið bent á hér í fréttabréfinu.

Ólafur R. Dýrmundsson þýddi og endursagði úr IA Journal, hausthefti 2013

Undirritaður er einn þeirra, sem telja franska rennilásinn til mikilla framfara. Það gat gerst, afar sjaldan að vísu, að klemman losnaði, jafnvel með skelfilegum afleiðingum – eins og eitt sinn, er ég var staddur í miðjum Esjuhlíðum. Þess vegna skipti það sköpum fyrir mig, þegar fransk rennilásinn kom til sögunnar. Mér er reyndar með öllu óskiljanlegt hvernig þessi rennilás getur fests við fötin þegar losað er úr pokanum. En eins og segir í greininni þá er það fjölbreytnin í framboði stómavara sem skiptir meginmáli.

Sigurður Jón Ólafsson.

Fræðslufundur 5. febrúar

Stómasamtök Íslands halda fræðslufund fimmtudaginn
5. febrúar 2015 kl. 20 í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameins-
félagsins að Skógarhlíð 8, 1. hæð. Dagskrá auglýst síðar.




Ritstjóranum margt til lista lagt
Tekur þátt í jólabókaflóðinu

Sigurður Jón Ólafsson hefur ritstýrt eitt hundrað tölublöðum af Fréttabréfi Stómasamtakanna. En honum er fleira til lista lagt. Í jólabókaflóðinu er ljóðabók eftir hann, *Slitinn þráður úr köngulóarvef*.

Í kynningu á vef útgefandans, Skruddu, segir: „Ljóðin, sem hér koma fyrir sjónir lesenda eru fjörutú og fjögur að tölu og skiptast í fjóra kafla. Í þeim er brugðið upp einföldum myndum af skynjun höfundar á náttúrunni og því sem fyrir augu ber í hversdagsleikanum. Einn kafli bókarinnar tengist bernskuminningum höfundar. Í sumum þeirra kemur María mey við sögu, en í reynd eru öll ljóðin trúarlegs eðlis enda birtist trúin í náttúrunni, umhverfinu og mannlegum samskiptum. Flest ljóðanna hafa orðið til á síðustu 15-20 árum; einstök ljóð nokkuð eldri. Sum þeirra hafa áður birst í blöðum og tímaritum.“

Óhætt er að mæla með þessari ljóðabók sem ber höfundinum fagurt vitni.

J. R.



Stómasamtök Íslands.

Stofnuð 16. október 1980.

Formaður: Jón Þorkelsson, símar 565 2434 og 696 4395, jon@hyggir.is

Aðrir í stjórn: Sigurður Jón Ólafsson ritari, Eva Bergmann,

Inger Rós Jónsdóttir fulltrúi ungliða og Kristján Freyr Helgason gjaldkeri.

Sími samtakanna er 847 0694. Vefsíða: www.stoma.is Netfang: stoma@stoma.is

Stómasamtök Íslands eiga aðild að Krabbameinsfélagi Íslands og Öryrkjabandalaginu.

Fréttabréf Stómasamtakanna.

Ritstjóri: Sigurður Jón Ólafsson, sími 551 6366, sjo@centrum.is

Brot og pökkun: Ásta Lilja Kristjánsdóttir
